

Jón Ólafsson, haffræðingur,
Jarðvísindadeild Háskóla Íslands,
Öskju, Sturlugötu 7,
101 Reykjavík,
jo@hi.is

27. febrúar 2016

Umsögn: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn súrnun sjávar á norðurslóðum. 145 löggjafarþing 2015-2016. Þingskjal 160 – 160. mál.

Það er fagnaðarefni að breið pólitísk samstaða sé um þessa þingályktunartillögu. Efnið er vissulega mikilvægt og tímabært að ræða það og fylgja eftir með aðgerðum. Svar mitt verður þó stutt.

Ég sé efnislega tvennt koma fram í tillögunni, a) viðbrögð við súrnun sjávar og b) hvaða áhrif loftslagsbreytingar hafa á lífríki hafsins. Slóð b) er breið og getur einnig náð yfir súrnun. Í greinargerðinni er fjallað um súrnun sjávar sem er þó aðeins ein birtingarmynd þeirra breytinga eru að koma fram vegna áhrifa af athöfnum manna á andrúmsloft og loftslag. Á íslenskum hafsvæðum má benda á hlýnun og seltubreytingar sjávar, sérstaklega í sjónum sem berst að landinu sunnan frá en einnig í sjó sem berst norðan úr höfum. Þá minnkar hafspekja í N-Íshafi og sérstaklega norðan Íslands á sumrin (loðnuslóð) og enn fremur verða breytingar á rennsli jökulvatns af landinu til sjávar. Afleiðingar margvíslegra breytinga á lífríki hafsins fléttast saman en vega misþungt eftir svæðum. Þær verður að skoða í samhengi. T.d. tengjast afleiðingar súrnunar bæði sjávarhita og sjógerðum auk vaxandi styrks koltvíoxíðs. Skýrt hagnýtt dæmi tengt súrnun er kalkþörungavinnsla sem stunduð er við landið.

Áhrif loftslagsbreytinga á haf, land og þjóð verða alltaf margvísleg vegna legu landsins úti í hafi þar sem takast á öfl úr suðri og norðri. Ég legg til að meginverkefni væntanlegs starfshóps verði eftir slóð b) og hefjist með því að grandskoða stöðu íslenskra hafrannsóknar og meta hvernig þær verði eflar. Við erum lítils megnug til að hafa áhrif á hnattrænar breytingar nema í alþjóða samstarfi en aðgerðir okkar heima fyrir verða að styðjast við rannsóknir. Þannig er hægt að lágmarka skaða og bregðast af skynsemi við breyttum aðstæðum.